

## Samantekt

Þann 9. janúar 2026 barst Matvælastofnun ábending um dauð og hálf dauð bleikjuseiði í Tálknafjarðarhöfn.

Matvælastofnun hóf þegar rannsókn málsins og kallaði eftir upplýsingum frá eftirlitsþega. Í ljós kom að þann 30. desember 2025 hafi flotið yfir og inn í yfirfallsrör á einu eldiskeri með þeim afleiðingum að eldisfiskur komst út í sjó við Tálknafjarðarhöfn. Atvikið var ekki tilkynnt til Matvælastofnunar.

Við rannsókn málsins kallaði Matvælastofnun eftir verklagsreglum eftirlitsþega, viðbragðsáætlun um strok, atvikaskráningu, sannprófun og tímasettri úrbótaáætlun vegna atviksins og staðfestingu á að viðbragðsáætlun um strok hafi verið fylgt.

Vegna skekkju í bókhaldi eftirlitsþega um fjölda fiska í umræddu kerri er ekki ljóst með öllu hversu margar bleikur struku en Matvælastofnun telur að um hafi verið að ræða óverulegan fjölda. Meðalþyngd bleikju í umræddu kerri var 35 grömm.

Þann 3. mars 2026 fóru eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, Vigdís Sigurðardóttir og Jón Kolbeinn Jónsson, í eldisstöð Tungusilungs til að rannsaka málið frekar. Gengið var um stöðina og rætt við eftirlitsþega á skrifstofu stöðvarinnar.

Niðurstaða rannsóknar Matvælastofnunar:

Matvælastofnun telur ljóst að strok hafi átt sér stað úr eldisstöð Tungusilungs í Tálknafirði. Skömmu fyrir atvikið voru gerðar breytingar á yfirfallsröri þannig að það vísaði ekki lengur beint upp í loft heldur var 90 gráðu beygja. Þann 30. desember varð bilun í búnaði sem leiddi til þess að það flæddi yfir og inn í umrætt yfirfallsrör með þeim afleiðingum að bleikjur komst út í sjó við höfnina. Matvælastofnun telur óljóst hversu mikið magn af bleikju strauk og komst út í sjó en hún hafi átt litlar líkur á að lifa af í sjónum og afleiðingar stroksins hafi því verið óverulegar.

Samkvæmt 13. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 ber rekstrarleyfishafa sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, tilkynna án tafar slíka atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga. Eftirlitsþegi sinnti ekki tilkynningarskyldu sinni samkvæmt framangreindu ákvæði laganna og virkjaði ekki viðbragðsáætlun vegna stroks þrátt fyrir að hafa gripið til viðeigandi aðgerða á vettvangi strax og honum var ljóst um atvikið þann 30. desember 2025.

Eftirlitsþegi hóf þegar úrbætur á eldisbúnaði og yfirfallsröri og var þeim lokið þegar eftirlitsmenn Matvælastofnunar fóru í eftirlit þann 3. mars 2026. Sannprófun hefur verið framkvæmd.

Að lokinni rannsókn málsins telur Matvælastofnun vera til staðar eitt alvarlegt frávik. Stofnunin kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirlitsskýrslu þessari

Rannsókn málsins hjá Matvælastofnun önnuðust eftirfarandi starfsmenn: Jónína Guðmundsdóttir, Vigdís Sigurðardóttir og Jón Kolbeinn Jónsson.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Rannsókn á stroki - Þjálfunarskrá starfsmanna	Næsta skoðun

**Viðstödd heimsókn** Tungusilungur ehf.

**Kennitala viðtakenda** 530802-2210

**Skoðunarmaður** Jónína Guðmundsdóttir

**Tölvupóstur** mast@mast.is

**Undirbúningur** 1 klst.

**Frágangur** 3 klst.

**Tímar við úttekt** 3 klst.

**Akstur** 1 klst.

Við rannsókn málsin kallaði Matvælastofnun eftir þjálfunarskrá starfsmanna eftirlitsþega. Engar þjálfunarskrár liggja fyrir. Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

---

# Niðurlag

Þann 03/03/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 21/04/2026. Heimsóknin var boðuð fyrirfram. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunatriði, þar af 1 alvarlegt frávik og 0 frávik.

Rannsókn á stroki: 4 af 13 skoðunatriðum voru yfirfarin. Þar af var 0 frávik og 1 alvarlegt frávik.

Nánari útlitun á skoðunatriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Island.is](http://Island.is).

## [Lagagrunnur eftirlits](#)

### Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

#### Rannsókn á stroki

- Rekstrarleyfi
- Viðbragðsáætlanir
- Atvikaskráning
- Dagbókarfærslur
- Gæðahandbók
- Verklagi rekstraraðila fylgt
- Eldisbúnaður
- Þjálfunarskrá starfsmanna

### Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Rannsókn á stroki - Eftirlit og viðgerðir á netpokum

Rannsókn á stroki - Verklagsreglur

Rannsókn á stroki - Innra eftirlit

Rannsókn á stroki - Annað

Rannsókn á stroki - Eftirlit og viðgerðir á netpokum

Rannsókn á stroki - Verklagsreglur

Rannsókn á stroki - Innra eftirlit

Rannsókn á stroki - Annað

Rannsókn á stroki - Nýliðunarþjálfun starfsmanna